

Umsögn

Til: Borgarráðs

Frá: Fjármála- og áhættustýringarsviði

Efni: Vegna kjarasamninga við Sameyki – stéttarfélag í almannajónustu, Eflingu – stéttarfélag, Samiðn, Rafiðnaðarsamband Íslands og Samband stjórndafélaga.

Í greinargerð samninganefndar Reykjavíkurborgar vegna kjarasamninga við *Sameyki – stéttarfélag í almannajónustu, Eflingu – stéttarfélag, Samiðn, Rafiðnaðarsamband Íslands og Samband stjórndafélaga* er að finna kostnaðarmat nefndarinnar vegna viðkomandi samninga. Í matinu er gert ráð fyrir að kostnaðarauki samninganna verði eftirfarandi:

	Fyrirfram greitt	Ógreitt	Samtals kostnaðarmat
Árið 2019	543.033	599.056	1.142.089
Árið 2020			3.763.266
Árið 2021			6.947.931
Árið 2022			9.311.915

Kostnaðarmat ár hvert sýnir hækkun m.v. kostnað ársins 2019 fyrir gildistöku nýs samnings.

Við frágang fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020 til 2024 í október 2019 voru kjarasamningar Reykjavíkurborgar við öll stéttarfélög starfsmanna borgarinnar lausir og mikil óvissa um þróun samningaviðræðna sem höfðu gengið hægt og voru á þeim tíma ennþá stutt á veg komnar.

Fjármála- og áhættustýringarsvið tók frá við gerð fjárhagsáætlunar ákv. varasjóð vegna kjarasamningsbundinna launahækkana og var farin sú leið að gera ráð fyrir sambærilegum launahækkunum og niðurstöður Lífskjarasamninganna á almennum markaði leiddu af sér. Að auki var gert ráð fyrir kostnaðaráhrifum fyrirhugaðrar styttingar á vinnutíma og mögulegum áhrifum hennar á útgjöld borgarinnar. Minnt er á að á þessum tíma var ekki búið að útfæra þær aðgerðir en þó gert ráð fyrir að talsverður viðbótarkostnaður fælist í styttingu hjá starfsmönnum í vaktavinnu og umönnunarstörfum.

Áætlun fjármála- og áhættustýringarsviðs er ekki sundurliðuð á stéttarfélög og þess vegna er ekki hægt að bera saman áætlun pr. stéttarfélag og kostnað hvers og eins kjarasamnings. Kostnaðarmat fjármála- og áhættustýringarsviðs byggir á grunni samningarnefndar, þar sem saman voru tekin öll stéttarfélög önnur en félög Kennarasambands Íslands. Ennþá er ósamið við hluta þessara félaga, þannig að ekki er hægt að gera fulla greiningu á frávikum frá áætlun fyrr en þeir samningar liggja fyrir. Það liggur þó fyrir að kostnaðarmat fyrirbyggjandi samninga er heldur hærra en áætlun gerði ráð fyrir og yrði þannig kostnaður um 410 m.kr. umfram það sem áætlað var árið 2020 en árið 2021 og 2022 um 1.100 m.kr. hærra en fimm ára áætlun gerir ráð fyrir. Frávikið skýrist einkum af breyttri aðferðafræði við nýja starfsmatslaunatöflu en upphaflega hafði verið lagt upp með.

Fyrir liggur að þegar kjarasamningarnir hafa verið staðfestir verður unnið að því að gera viðeigandi breytingar á launatöflum og reiknireglum í launakerfi borgarinnar, þannig að unnt verði að greiða í samræmi við nýja samninga þann 1. maí nk. Um leið og gengið hefur verið frá því verður hægt að útfæra nákvæmt kostnaðarmat pr. stéttarfélag og gera viðauka fyrir hvert svið og hverja stofnun borgarinnar sem byggir á magntölum fjárhagsáætlunar, þ.e. stöðugildum og vinnumagni. Gert er ráð fyrir að viðauki verði tilbúinn til framlagningar í borgarráði 14. maí nk.

Halldóra Káradóttir
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs